

Reglugerð

Um breytingu á reglugerð 930/2012 um girðingar meðfram vegum

1. gr.

2. ml. 2. mgr. 3. gr. orðast svo: Skulu upphæðir viðaukans endurskoðaðar árlega að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands

2. gr.

5. gr. verður svohljóðandi:

Viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum greiðist að jöfnu af Vegagerðinni og landeiganda í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Innan mánaðar frá því að landeigandi hefur lokið árlegu viðhaldi girðinga með stofn- og tengivegum skal hann tilkynna það til sveitarstjórnar og viðkomandi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar og óska eftir greiðslu á kostnaðarhlutdeild veghaldara. Vegagerðin skal greiða landeiganda sem svarar helmingi af áætluðum viðhaldskostnaði girðinga eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. Uppgjör vegna kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar skal fara fram innan mánaðar frá því að tilkynning berst Vegagerðinni eða frá úttekt skv. 3. mgr. fari hún fram.

Vegagerðinni er heimilt að gera að skilyrði kostnaðarþátttöku að úttekt fari fram á viðhaldi girðinga. Komi í ljós við úttekt að viðhaldi hefur ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti að mati Vegagerðarinnar eða sveitarstjórnar er Vegagerðinni heimilt að synja um greiðslu. Tilkynni landeigandi ekki fyrir 1. október að árlegu viðhaldi sé lokið er Vegagerðinni heimilt að synja um greiðslu helmings viðhaldskostnaðar þess árs.

Við uppgjör vegna kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar í viðhaldskostnaði girðinga meðfram stofn- og tengivegum skal við það miðað að árlegur viðhaldskostnaður nemi 4% af stofnkostnaði girðinga, sbr. 3. gr. Þó skal miða við að viðhaldskostnaður geti numið allt að 7% af stofnkostnaði í erfiðu girðingalandi eða vegna snjóþyngsla, sbr. nánari ákvæði í viðauka reglugerðarinnar.

3. gr.

a. Í stað viðauka kemur nýr viðauki svohljóðandi:

1. Áætlaður stofnkostnaður girðinga.

Gerð girðingar	Efni kr./km	Vinna kr./km	Alls kr./km
1. Net, gaddavír, járnstaurar með 4 m millibili	576.339	452.800	1.029.139
2. Net, gaddavír, tréstaurar með 4 m millibili	354.939	452.800	807.739
3. Rafgirðing með plaststaurum	202.604	197.600	400.204
4. Rafgirðing með tréstaurum	202.288	222.800	425.088

Ofangreindar tölur eru með 24% virðisaukaskatti.

Miðað er við að aðstæður á girðingarstað séu fremur góðar. Ekki er talinn með kostnaður við að jafna girðingarstæði, flutning á efni að girðingarstæði og vinnu við undirbúning. Er því heimilt að hækka framangreindar tölur um allt að 15% til þess að mæta kostnaði við þá liði.

b. 2. gr. er uppfærð í samræmi við áskilnað 2. ml. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar og verður svohljóðandi:

2. Áætlaður viðhaldskostnaður girðinga.

Kostnaðarhlutdeild veghaldara við viðhald girðinga eftir gerðum og aðstæðum reiknað í kr./km.

Gerð girðingar/aðstæður	venjulegar	fremur erfiðar	erfiðar	mjög erfiðar
	2%	2,5%	3%	3,5%

1. Net, gaddavír, járnstaurar	20.583	25.728	30.874	36.020
2. Net, gaddavír, tréstaurar	16.155	20.193	24.232	28.271
3. Rafgirðing, plaststaurar	8.004	10.005	12.006	14.007
4. Rafgirðing, tréstaurar	8.502	10.627	12.753	14.878

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. mgr. 52. gr., sbr. 58. gr. vegalaga nr. 80/2007, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu,

nóvember 2016

Ragnhildur Hjaltadóttir